



Hafnarfirði 31.12.2017

Árskýrsla SÍH fyrir árið 2017

Stjórnarstarf

Sú breyting varð á stjórn félagsins að Helga Jóhannsdóttir gaf ekki kost á sér áfram til gjaldkerastarfa. Guðbjörg Konráðsdóttir var kosin sem gjaldkeri til tveggja ára. Aðalsteinn Svavarsson sagði af sér sem varamaður í stjórn.

Daglegur rekstur

Sjö stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært mánaðarlega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Nýtt umhaldskerfi í SharePoint sem er hluti af Microsoft office 365 var tekið upp í byrjun síðasta árs og hefur reynst frábærlega. Gagnagrunnur félagsins hefur aldrei verið öflugri.

Árangur keppnisfólks SÍH

Árangur félagsins á landsvísu var með minna móti þetta árið. Norræna trappið hélt uppi heiðri félagsins en Ólafur V. Ólafsson varð Íslandsmeistari karla í NT og sveit SÍH landaði jafnfram Íslandsmeistaratitli. Sveitina skipuðu þeir Ólafur V. Ólafsson, Stefán Kristjánsson og Kristinn Gísli Guðmundsson

Keppnisferðir erlendis

Keppnisfólk SÍH tóku þátt í Skandinavia open, Ladies Grand Prix og Thorshamar open og stóðu sig að venju með stakri þryði.

Félagatal

Gefin voru út 135 félagsskírteini á móti 113 árið áður. Á árinu gengu 41 nýir meðlimir í félagið á móti 19 nýliðum árið áður. Þetta er líklega met aukning á milli ár frá stofnun félagsins.

Skýrsla mótanefndar

Samkvæmt venju hélt SÍH fyrsta landsmóts ársins. Keppt var bæði í skeet og Norrænu trappi.

SÍH open var á sínum stað, haldið fyrstu helgina í júlí. Keppt var bæði í skeet og N-trappi. Þátttakendur í skeet voru 22 og í NT voru þeir 8.

Fjórir þátttakendur komu frá Færeyjum og einn frá Grænlandi.

Samtals voru 112 skráningar keppnismanna SÍH á 15 opin- og landsmót á móti 92 skráningum á 15 mót árið 2016.

Innanfélagsmót

Aðeins eru skráð úrslit úr 2 innanfélagsmótum þar sem keppt var í skeet og NT.

Samtals 31 þátttakendur voru skráðir til leiks á móti 70 þátttakendum á síðasta ári en þá voru 5 mót haldin.

Lokamót SÍH féll niður þar sem skráningar voru undir lámarki. Uppskeruhátíð SÍH sem hefð er fyrir að halda sama dag féll einnig niður af sömu ástæðu.

Skýrsla fræðslunefndar

Árlegur fundur æfingastjóra var haldinn í mars. Þar var að venju farið yfir ábyrgð, skyldur og verklagsreglur æfingarstjóra.

Eitt formleg haglabyssunámskeið var haldið á árinu þar sem þátttakendur voru 12.

Starf fræðslunefndar var mjög metnaðarfullt. Tvisvar í mánuði var boðið upp á leiðsögn í grunnatriðum haglabyssuskotfimi. Um haustið var boðið upp á æfingu fyrir gæsveiðimenn og síðar fyrir rjúpnaveiðimenn. Auk þess var boðið upp á námskeið í mælingu á dreyfingu hagla og námskeiði í þrifum á haglabyssum og rifflum. Þátttaka á mörgum þessara viðburða var undir væntingum

Skýrsla fjárhagsnefndar

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ auk styrkja vegna Íslandsmeistaratitla í sveitakeppnum. Auk þess fær félagið kennslu- og lottóstyrki frá ÍSÍ.

Þó nokkrar fjárfestingar voru á árinu í vélum og hugbúnaði fyrir Iðavelli. Viðhalds- og fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir að farið yrði í framkvæmdir á lélegu gólfi í félagsheimilinu en því var frestað fram yfir áramót.

Í lok árs var fjárfest í hliði sem verður sett upp með vorinu og staðsett nokkra metra inn á afleggjaranum við Álfhellu.

Einnig var fjárfest í tveim sjónvarpsskjám sem bíða uppsetningar og verða notaðir sem skráningartöflur og til kynningar og fræðslu.

Auk þessa er búið er að kaupa öryggis myndavélar og þjónvarnarkerfi, ásamt litlum ísskáp og prentar sem einnig bíða uppsetningar með vorinu.

Þó nokkar tekjur minduðust vegna móttöku gesta. M.a. komu rúmlega 100 erlendir skátar í heimsók yfir þriggja daga tímabil en þeir komu til landsins til að taka þátt í alþjólegu skátamóti. Auk þess komu nokkrir hópar í skemmtiskotfimi og stekkjarnir.

Skýrsla skemmtinefndar

Árshátíð félagsins var haldin að loknu árlegu innanfélagsmóti á skírdag og var ágætlega sótt.

Þeir félagar í skemmtinefnd SÍH Sigurður Jón Sigurðsson og Gunnlaugur Sigurjónsson með Hörð Smára Sigurðsson í fararbroddi léku frábær skemmtiatriði og uppákomur af fingrum fram.

Skýrsla vallarnefndar

Lokið var við smíði og frágang á Hittnivellinum sem er feldur inn í gamla skeetvöllin. Nú er hægt að skjóta á hliðardúfur á 30 til 35 metra færi og fá tvær dúfur samtímis úr sömu átt auk ýmssa annara skemmtilegra skotvinkla. Þessi aðstaða hefur slegið í gegn því það var mesta dúfnanotkunin á þessum velli samkvæmt teljara.

Lokið var við smíði á palli og endurnýjun á vélahúsinu á litla trappvellinum. Notkun á vellinum hefur margfaldast eftir þessar breytin.

Búið er að koma tveim auka vélum fyrir á trappvellinum en ennþá á eftir að tengja þær. Nýjar og þéttari hurðir voru settar á trapphúsið þar sem þær gömlu voru óþéttar og erfiðar í umgengni.

Í upphafi árs var nýtt umhalds- og greiðslukerfi frá DueMatic tekið í notkun samhliða nýju skráningarkerfi SÍH. Kerfin sem styðja hvort annað hafa sannað sig og auðvelda allt umhald og eftirlit auk þess sem það léttir verulega á æfingastjórnunum.

Ritnefnd

Einhver veira er komin í heimasíðu félagsins og gerir alla uppfærslu erfiða. Líklega verður að ráðast í gerð nýrrar síðu í nýjum búningi.

Eins og áður er lögð áhersla á að allar upplýsingar um félagið og starfsemi þess séu aðgengilegar fyrir félagsmenn og aðra gesti heimasíðunnar.

Mest skoðaða síðan á vefsetrinu 2017 var „Um félagið“ sem var heimótt 4190 sinnum á árinu.

Fyrir hönd stjórnar SÍH
Ferdinand Hansen